



# SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landsamband skógræktarfélaganna – Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík

☎ 551 8150 📠 562 7131 📧 skog@skog.is 🌐 www.skog.is

Reykjavík 25. nóvember 2020

Umhverfis – og samgöngunefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
105 Reykjavík

[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Efni: Umsögn „Tillaga til þingsályktunar um aukna skógrækt til kolefnisbindingar, 139. mál“.

Skógræktarfélag Íslands (SÍ) lýsir yfir ánægju sinni með tillöguna og það frumkvæði sem þar birtist. Í tillögunni eru fyrirheit um stóreflda skógrækt til kolefnisbindingar. SÍ hefur kallað eftir auknum áherslum á skógrækt um árabil enda hefur dregið verulega úr framkvæmdum og framlögum undanfarin ár þó að hylli undir breytingar í fjárlögum 2021 þar sem umtalsverð breyting til batnaðar kemur fram.

Þó að flest sé jákvætt sem fram kemur í tillögunni er rétt að benda á að Kolviður, sem var stofnaður árið 2006 og er í eigu Skógræktarfélags Íslands og Landverndar, hefur markvisst unnið að kolefnisbindingu með skógrækt í samstarfi við fjölmörg fyrirtæki og stofnanir allt frá stofnun sjóðsins. Á þessu ári voru gróðursettar tæpar fjögur hundruð þúsund trjáplöntur á vegum Kolviðar.

Fram kemur í frumvarpinu að nægt land sé tilbúið til ræktunar. Skógræktarfélögin geta ekki tekið undir þessa fullyrðingu þar sem verulegur skortur er á nýjum lendum til skógræktar og m.a. hefur Kolviður auglýst eftir hentugu landi þar sem vöntun hefur verið á svæðum til kolefnisbindingar. Mörg skógræktarfélög glíma jafnvel við landþurrð hvað varðar hentug uppræktarsvæði.

Vert er að hafa í huga að ríkisvaldið hefur á síðustu árum tekið stór svæði á láglandisbrún undir þjóðlendur sem gætu verið mikilvæg þar sem þau gætu jafnvel hentað vel til skógræktar auk þess sem fjöldi ríkisjarða gæti hentað vel til aukinnar skógræktar.

SÍ ályktaði um þessi mál á Aðalfundi Skógræktarfélags Íslands í Kópavogi árið 2019 og sendi eftirfarandi ályktun á Forsætisráðuneytið, Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Fjármála- og efnahagsráðuneytið auk Atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið,

**„Ályktun 1: Ríkisjarðir og þjóðlendur til skógræktar**

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Kópavogi 30. ágúst – 1. september 2019, beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnar Íslands að útvega skógræktarfélögunum land til skógræktar.*

*Það er einlæg ósk Skógræktarfélags Íslands að ályktunin verði tekin til góðfúslegrar skoðunar.“*

Því miður hefur erindinu ekki verið svarað efnislega.

Það er ljóst að huga þarf að mörgum þáttum hvað varðar aukna skógrækt til kolefnisbindingar. Einn þáttur skuldbindinga okkar birtist nýlega í fréttum þar sem m.a. kom fram skoðun Daða Más Kristóferssonar 19. nóvember sl. á Visir.is. vegna mögulegra vanefnda Íslands á Kyoto-bókuninni og hugsanlegar fjárhagslegar kvaðir sem við stöndum frammi fyrir.

F.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands,

Með góðum kveðjum



Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri